# Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Ársreikningur

# 2008

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
Vegmúla 2
108 Reykjavík

Kt. 491098-2529

# Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

## Ársreikningur

## 2008

**Efnisyfirlit**



| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 2 - 4 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 5 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymi | 8 |
| Sérgreitn yfirlit um séreignardeild | 9 |
| Skýringar | 10 - 15 |
| Sundurliðanir | 16 - 19 |

### Iðgjöld

Fjöldi einstaklinga sem áunnu sér réttindi í samtryggingardeildum sjóðsins (A og V deildir) á árinu 2008 voru 13.989 í A deild og 5.802 í V deild. Samsvarandi tölur fyrir árið 2007 voru 13.501og 6.407. Að meðaltali greiddu á mánuði 9.150 einstaklingar iðgjöld til A deildar og 2.781 til V deildar. Iðgjöld í A deild námu 3.985 m.kr og jukust um 16%. Iðgjöld í V deild námu 746 m.kr. og jukust þau um 20%.

Óvirkir sjóðfélagar í árslok voru 19.688 í A-deild og 14.006 í V-deild.

Í árslok 2008 voru 1.395 einstaklingar með samning um séreignasparnað (S deild) og hafði þeim fjölgað um 161 frá ársbyrjun. Iðgjöld í S deild námu 108 m.kr. sem er 2% aukning frá fyrra ári.

### Lífeyrir

Lífeyrir í A og V deildum nam 374 m.kr. á árinu 2008 og hækkaði um 37% á milli ára. Að meðaltali fengu 966 einstaklingar lífeyri á mánuði í A deild og 144 í V deild eða samtals 1.110 í samtryggingardeildum, samanborið við 901 árið áður. Fjölgun einstaklinga sem fá lífeyri er þannig 209.

### Ráðstöfunarfé, fjárfestingar og ávöxtun

Sjóðurinn ráðstafaði 30.057 m.kr. til lánveitinga og verðbréfakaupa. Til sjóðfélaga voru veitt 214 lán samtals að fjárhæð 862 m.kr. eða um 3% af fjárfestingum sjóðsins. Veðlán hafa lækkað lítillega milli ára enda lántakendur nokkuð færri en á árinu 2007. Fjárfestingar skiptust þannig: verðbréf með breytilegum tekjum 18.192 m.kr. eða 61%, verðbréf með föstum tekjum 10.335 m.kr. eða 34% og veðskuldabréf önnur en sjóðfélagalán 668 m.kr. eða 2%. Samsetning fjárfestinga er með þeim hætti að 72% er í íslenskum krónum og 28% í öðrum gjaldmiðlum og hefur þá ekki verið tekið tillit til gjaldmiðlasamninga.

Erfiðleikar á fjármálamörkuðum, erlendum sem innlendum á árinu 2008 höfðu mikil og neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins. Fall viðskiptabankanna þriggja í október 2008 hafði afgerandi áhrif á gengi innlendra hlutabréfa og skuldabréfa fjármálastofnana og annarra íslenskra fyrirtækja. Úrvalsvísitala hlutabréfa í Kauphöll Íslands, sem samanstóð af 15 fyrirtækjum var í ársbyrjun 6.318 stig en endaði í 352 stigum og var þessi lækkun um rúm 94%, mesta lækkun nokkurrar kauphallar í heiminum á árinu 2008. Hlutabréf viðskiptabankanna eru nú verðlaus sem og víkjandi lán og er mikil óvissa um verðmæti annarra skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Þá er einnig nokkur óvissa um verðmæti skuldabréfa annarra innlendra fyrirtækja sem sjóðurinn á.

Vegna þessarar óvissu í íslensku efnahagumhverfi er talið nauðsynlegt að færa niður skuldabréfaeign lífeyrissjóðsins í varúðarskyni. Nemur niðurfærslan um 2.011 m.kr. Sömuleiðis er óvissa um gjöld vegna afleiðusamninga sem lífeyrissjóðurinn hafði gert til að takmarka gengisáhættu vegna erlendra fjárfestinga sjóðsins, vegna ágreinings við skilanefndir gömlu viðskiptabankanna um forsendur fyrir uppgjöri. Hins vegar skiluðu ríkistryggð skuldabréf sem og skuldabréf sveitarfélaga og annarra traustra útgefenda góðri ávöxtun. Nema þessi skuldabréf ásamt sjóðfélagalánum um 60% af eignasafni sjóðsins.

Síðasta ár var mjög erfitt á erlendum verðbréfamörkuðum. Heimsvísitalan (MSCI World) lækkaði sem dæmi um 42%, SP-500 vísitalan í Bandaríkjunum lækkaði um 39% og DAX í Þýskalandi um rúm 40%. Íslenska krónan veiktist mikið á árinu gagnvart öðrum gjaldmiðlum og má í því sambandi nefna að dollarinn byrjaði árið á genginu 62 gagnvart íslensku krónunni en endaði í genginu 120 og evran fór úr 91 kr. í 170 kr. Þessi gengislækkun vó upp verðlækkanir á erlendum verðbréfum í krónum talið.

Nafnávöxtun sjóðsins í heild var 2,4% og hrein raunávöxtun -12,0%. Sambærilegar tölur fyrir árið 2007 eru 6,8% nafnávöxtun og 0,9% raunávöxtun. Í kennitölum meðfylgjandi ársreiknings er að finna nánari upplýsingar um ávöxtun einstakra deilda og ára.

# Skýrsla stjórnar

Óvissan um efnahagsþróun hér á landi sem og í heiminum öllum á eflaust eftir að hafa mikil áhrif á fjármálamarkaði framtíðarinnar og þar með alla starfsemi lífeyrissjóða. Næstu ár, árin 2009 og 2010, kunna að reynast okkur erfið í efnahagslegu tilliti og því er nauðsynlegt fyrir sjóðinn að auka enn við ríkistryggð og önnur álíka trygg skuldabréf í eignasafni sjóðsins.

### Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam í árslok 32.663 m.kr. í sameignardeildum og 934 m.kr. í þremur leiðum séreignardeildar. Nánari sundurliðun er að finna í ársreikningnum sjáfum.

### Rekstur

Á árinu 2008 nam rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinni eign í árslok 0,20%, samanborið við 0,21% árið 2007. Starfsmenn sjóðsins í árslok voru 8 talsins í 8 stöðugildum. Sjóðurinn hefur með höndum rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar, Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar og Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar. Heildarfjárhæð launa, þóknana og annarra greiðslna til starfsmanna og stjórnar sjóðsins nam 68 m.kr. og hefur hækkað um 17% frá fyrra ári.

### Tryggingafræðileg athugun

Að mati Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings lífeyrissjóðsins voru heildarskuldbindingar A-deildar 94.130 m.kr. og endurmetnar heildar eignir 84.911 m.kr. í árslok 2008, samanborið við 76.911 m.kr og 71.599 m.kr. í árslok 2007. Heildarskuldbindingar fyrir V-deild voru í árslok 2008 16.933 m.kr. og endurmetnar heildar eignir 16.318 m.kr., samanborið við 13.392 m.kr. og 13.336 m.kr. í árslok 2007. Hlutfall heildar skuldbindinga í árslok 2008 umfram heildar eignir voru þannig 9,8% fyrir A-deild og 3,6% fyrir V-deild.

Í töflu sem er hluti skýringa með ársreikningi er að finna frekari sundurliðun á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingadeilda.

### Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Eftir lok reikningsársins eða í mars 2009 voru Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf., Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. og Sparisjóðabanki Íslands hf. yfirtekin af Fjármálaeftirlitinu. Eignir sjóðsins í hlutabréfum þessara félaga námu um 19 m.kr. Sjóðurinn á einnig skuldabréf útgefin af þessum félögum. Bókfært verð þeirra er um 380 m.kr. eftir að þau hafa verið færð niður um varúðarniðurfærslu að fjárhæð um 124 m.kr. Veruleg óvissa ríkir um innheimtu þessara skuldabréfa.

# Skýrsla stjórnar

## Staðfesting stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á afkomu sjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. apríl 2009.

## Í stjórn

| | |
|---|---|
| Halldóra Friðjónsdóttir<br>stjórnarformaður | Elín Björg Jónsdóttir |
| Garðar Hilmarsson | Gunnar Rafn Sigurbjörnsson |
| Karl Björnsson | Kristbjörg Stephensen |

## Framkvæmdastjóri

Jón G. Kristjánsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og kennitölur.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Við viljum vekja athygli á skýringu nr. 12 í ársreikningnum. Þar kemur fram að sjóðurinn hafi gert framvirka gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga við gömlu bankana. Ágreiningur er uppi um á hvaða gengi skuli gera samningana upp og hvort heimild er fyrir skuldajöfnun, en sjóðurinn á kröfu á sömu banka. Stjórnendur sjóðsins telja að forsendur samninganna hafi brostið við fall bankanna og því er neikvæð staða gjaldmiðlasamninganna færð í bækur sjóðsins á gengisvísitölu í byrjun október þegar bankarnir voru yfirteknir af ríkinu. Bankarnir gera hins vegar kröfu um að samningarnir verði gerðir upp á gjalddagagengi. Ef miðað er við það gengi væri skuld sjóðsins 789 m.kr. eða 272 m.kr. hærri en staða samkvæmt ársreikningi sjóðsins. Óvissa er um hver niðurstaða þessa máls verður og því mögulegt að það geti haft áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Kópavogur, 22. apríl 2009.

**Deloitte hf.**

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris ársins 2008

| | Skýr. | Sameignardeild A deild | Sameignardeild V deild | Sameignardeild Samtals | Séreignar-deild | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 1.028.298.729 | 236.973.768 | 1.265.272.497 | 73.899.888 | 1.339.172.385 | 1.157.799.635 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 2.956.473.067 | 637.416.210 | 3.593.889.277 | 45.584.612 | 3.639.473.889 | 3.127.966.539 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | 692.203 | (128.486.513) | (127.794.310) | (11.116.276) | (138.910.586) | (131.514.475) |
| | | 3.985.463.999 | 745.903.465 | 4.731.367.464 | 108.368.224 | 4.839.735.688 | 4.154.251.699 |
| **Lífeyrir** | | | | | | | |
| Lífeyrir | 9 | (359.368.774) | (14.338.783) | (373.707.557) | (26.632.713) | (400.340.270) | (294.497.174) |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | (393.450) | 0 | (393.450) | 0 | (393.450) | 0 |
| | | (359.762.224) | (14.338.783) | (374.101.007) | (26.632.713) | (400.733.720) | (294.497.174) |
| **Fjárfestingartekjur** | | | | | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 4 | (805.899.109) | (100.440.323) | (906.339.432) | 0 | (906.339.432) | 6.859.707 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 10 | 1.546.809.944 | 183.945.132 | 1.730.755.076 | 19.709.522 | 1.750.464.598 | 1.747.685.347 |
| | | 740.910.836 | 83.504.808 | 824.415.644 | 19.709.522 | 844.125.166 | 1.754.545.054 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 8 | (15.069.161) | (1.612.457) | (16.681.618) | 0 | (16.681.618) | (13.392.385) |
| Önnur fjárfestingargjöld | | (8.750.878) | (936.377) | (9.687.255) | (1.573.256) | (11.260.511) | (8.074.275) |
| | | (23.820.040) | (2.548.833) | (26.368.873) | (1.573.256) | (27.942.129) | (21.466.660) |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 8 | (60.005.643) | (6.420.828) | (66.426.471) | (300.000) | (66.726.471) | (53.569.542) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 4.282.786.928 | 806.099.829 | 5.088.886.757 | 99.571.777 | 5.188.458.534 | 5.539.263.377 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 24.908.748.878 | 2.665.329.169 | 27.574.078.047 | 834.428.869 | 28.408.506.916 | 22.869.243.538 |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris | | 29.191.535.806 | 3.471.428.998 | 32.662.964.804 | 934.000.646 | 33.596.965.450 | 28.408.506.915 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2008

| | Skýr. | Sameignardeild A deild | Sameignardeild V deild | Sameignardeild Samtals | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2008 | Samtals 31.12.2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 11 | 9.268.009.626 | 1.102.142.675 | 10.370.152.301 | 594.079.866 | 10.964.232.167 | 12.899.774.756 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 13 | 11.544.312.295 | 1.372.838.371 | 12.917.150.666 | 182.090.672 | 13.099.241.338 | 9.392.253.094 |
| Veðlán | 14 | 5.373.643.993 | 639.028.508 | 6.012.672.501 | 0 | 6.012.672.501 | 4.629.365.044 |
| Bankainnistæður | | 2.120.885.251 | 252.213.608 | 2.373.098.859 | 114.503.766 | 2.487.602.625 | 835.316.634 |
| | | 28.306.851.165 | 3.366.223.162 | 31.673.074.327 | 890.674.304 | 32.563.748.631 | 27.756.709.528 |
| **Kröfur** | | | | | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 18 | 335.380.467 | 39.883.118 | 375.263.585 | 0 | 375.263.585 | 291.378.193 |
| Aðrar kröfur | | 20.736.528 | 2.465.968 | 23.202.496 | 456.458 | 23.658.954 | 22.151.413 |
| | | 356.116.995 | 42.349.086 | 398.466.081 | 456.458 | 398.922.539 | 313.529.605 |
| **Aðrar eignir** | | | | | | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 19 | 441.783 | 52.536 | 494.319 | 0 | 494.319 | 5.471.353 |
| Sjóður og veltiinnlán | | 540.782.830 | 64.309.367 | 605.092.197 | 47.081.233 | 652.173.430 | 348.958.717 |
| | | 541.224.612 | 64.361.904 | 605.586.516 | 47.081.233 | 652.667.749 | 354.430.070 |
| **Eignir samtals** | | 29.204.192.772 | 3.472.934.152 | 32.677.126.924 | 938.211.995 | 33.615.338.919 | 28.424.669.203 |
| **Viðskiptaskuldir** | | | | | | | |
| Aðrar skuldir | | 12.656.965 | 1.505.154 | 14.162.119 | 4.211.349 | 18.373.468 | 16.162.288 |
| **Skuldir samtals** | | 12.656.965 | 1.505.154 | 14.162.119 | 4.211.349 | 18.373.468 | 16.162.288 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | 29.191.535.807 | 3.471.428.998 | 32.662.964.805 | 934.000.646 | 33.596.965.451 | 28.408.506.915 |

Mat á áunnum lífeyrisskuldbindingum .................... 23

# Sjóðstreymi ársins 2008

| | Skýr. | Sameignardeild A deild | Sameignardeild V deild | Sameignardeild Samtals | Séreignar-deild | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | | | | | |
| Iðgjöld | | 4.198.253.289 | 449.228.783 | 4.647.482.072 | 108.368.224 | 4.755.850.296 | 4.103.651.856 |
| Fjárfestingartekjur | | (56.541.579) | (6.050.160) | (62.591.739) | 24.206.412 | (38.385.327) | 544.317.421 |
| Afborganir verðbréfa | | 1.935.153.872 | 207.068.692 | 2.142.222.564 | 11.275.555 | 2.153.498.119 | 2.057.908.409 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 17.521.142.433 | 1.874.827.685 | 19.395.970.118 | 264.848.296 | 19.660.818.414 | 13.152.734.241 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 5.348.363.891 | 572.294.914 | 5.920.658.805 | 47.967.524 | 5.968.626.329 | 1.671.268.301 |
| Aðrar inngreiðslur | | 728.959 | 78.001 | 806.960 | 0 | 806.960 | 3.881.132 |
| | | 28.947.100.864 | 3.097.447.916 | 32.044.548.780 | 456.666.011 | 32.501.214.791 | 21.533.761.360 |
| **Útgreiðslur** | | | | | | | |
| Lífeyrir | | (337.940.149) | (36.160.858) | (374.101.007) | (26.632.713) | (400.733.720) | (294.497.174) |
| Fjárfestingargjöld | | (23.820.040) | (2.548.833) | (26.368.873) | (131.888) | (26.500.761) | (19.648.497) |
| Rekstarkostnaður án afskrifta | | (55.509.693) | (5.939.744) | (61.449.437) | 0 | (61.449.437) | (53.021.701) |
| | | (417.269.881) | (44.649.436) | (461.919.317) | (26.764.601) | (488.683.918) | (367.167.372) |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu | | 28.529.830.983 | 3.052.798.480 | 31.582.629.463 | 429.901.410 | 32.012.530.873 | 21.166.593.988 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | | | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | (16.250.285.201) | (1.732.397.630) | (17.982.682.830) | (209.197.940) | (18.191.880.770) | (13.782.288.111) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | (9.231.731.887) | (987.829.794) | (10.219.561.681) | (115.741.760) | (10.335.303.441) | (4.902.437.967) |
| Ný veðlán og útlán | | (1.381.970.007) | (147.875.953) | (1.529.845.960) | 0 | (1.529.845.960) | (2.485.256.694) |
| Hækkun á bankainnistæðum | | (1.437.765.504) | (153.846.279) | (1.591.611.783) | (60.674.207) | (1.652.285.990) | 160.707.062 |
| | | (28.301.752.599) | (3.021.949.656) | (31.323.702.254) | (385.613.907) | (31.709.316.161) | (21.009.275.710) |
| Hækkun á sjóði og veltiinnlánum | | 228.078.385 | 30.848.823 | 258.927.209 | 44.287.503 | 303.214.712 | 157.318.278 |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | | 312.704.444 | 33.460.544 | 346.164.987 | 2.793.730 | 348.958.717 | 191.640.439 |
| Sjóður og veltiinnlán í árslok | | 540.782.829 | 64.309.367 | 605.092.196 | 47.081.233 | 652.173.429 | 348.958.717 |

# Sérgreint yfirlit um séreignardeild 2008

| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris | Leið 1 | Leið 2 | Leið 3 | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 47.314.658 | 11.020.989 | 50.032.577 | 108.368.224 | 105.851.004 |
| Lífeyrir | (17.718.484) | (4.213.939) | (4.700.290) | (26.632.713) | (21.131.601) |
| Fjárfestingartekjur | (9.470.944) | 14.579.539 | 14.600.927 | 19.709.522 | 24.866.041 |
| Fjárfestingargjöld | (1.367.733) | (205.523) | 0 | (1.573.256) | (1.937.041) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | (100.000) | (100.000) | (100.000) | (300.000) | (300.000) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 18.657.497 | 21.081.066 | 59.833.214 | 99.571.777 | 107.348.403 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 675.295.799 | 105.681.374 | 53.451.696 | 834.428.869 | 727.080.466 |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris | 693.953.296 | 126.762.440 | 113.284.910 | 934.000.646 | 834.428.869 |

| Efnahagsreikningur | Leið 1 | Leið 2 | Leið 3 | Samtals 31.12.2008 | Samtals 31.12.2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 487.480.669 | 106.599.197 | 0 | 594.079.866 | 658.921.195 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 163.861.228 | 18.229.444 | 0 | 182.090.672 | 120.649.919 |
| Bankainnistæður | 0 | 0 | 114.503.766 | 114.503.766 | 53.829.559 |
| Aðrar kröfur | 411.972 | 28.234 | 16.252 | 456.458 | 1.041.596 |
| Sjóður og veltiinnlán | 44.760.619 | 2.320.614 | 0 | 47.081.233 | 2.793.730 |
| Aðrar skuldir | (2.561.192) | (415.049) | (1.235.108) | (4.211.349) | (2.807.130) |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 693.953.296 | 126.762.440 | 113.284.910 | 934.000.646 | 834.428.869 |

| Sjóðstreymi | Leið 1 | Leið 2 | Leið 3 | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Inngreiðslur | 337.968.361 | 54.055.549 | 64.642.101 | 456.666.011 | 405.076.882 |
| Útgreiðslur | (18.249.147) | (4.547.560) | (3.967.894) | (26.764.601) | (21.621.850) |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum | 319.719.214 | 49.507.989 | 60.674.207 | 429.901.410 | 383.455.032 |
| Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting | (275.137.137) | (49.802.563) | (60.674.207) | (385.613.907) | (386.616.466) |
| Hækkun á sjóði og veltiinnlánum | 44.582.077 | (294.574) | 0 | 44.287.503 | (3.161.434) |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | 178.542 | 2.615.188 | 0 | 2.793.730 | 5.955.164 |
| Sjóður og veltiinnlán í árslok | 44.760.619 | 2.320.614 | 0 | 47.081.233 | 2.793.730 |

# Skýringar

## Starfsemi

1. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri þriggja deilda. Annars vegar tveggja samtryggingadeilda, þ.e. A-deild sem veitir föst réttindi óháð aldri og V-deild sem veitir aldurstengd réttindi og býður sjóðfélögum sínum ýmsa valmöguleika í samtryggingu. Hins vegar séreignardeildar, þ.e. S-deild sem býður upp á þrjár leiðir í séreignarsparnaði.

Sjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum áðurnefndra laga. Skylduaðild er að samtryggingadeildum sjóðsins og er kveðið á um iðgjald til hans í kjarasamningum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Félags leikskólakennara og aðildarfélaga Bandalags háskólamanna við Launanefnd sveitarfélaga eða viðkomandi sveitarfélög. Stéttarfélögin sem aðild eiga að sjóðnum eru 44 talsins. Launamönnum félaganna ber að greiða 4% af heildarlaunum sínum til sjóðsins ámóti 11,5% framlagi atvinnurekenda eða samtals 15,5%. Öðrum launamönnum sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjöld til annars lífeyrissjóðs er einnig heimilt að greiða iðgjöld til V-deildar, en þar er lágmarksiðgjald 10%.

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér, maka sínum og börnum, eftir því sem við á, rétt til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára. Sjóðfélaga er þó heimilt að flýta töku lífeyris gegn skerðingu á réttindum og ennfremur að fresta töku lífeyris gegn aukningu á réttindum. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 40% eða meira. Andist sjóðfélagi eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins eru nánari ákvæði um ávinnslu réttinda. Sjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins. Í A-deild ábyrgjast launagreiðendur að greiða það iðgjald sem þarf til að standa undir skilgreindum réttindum deildarinnar, nú 11,5%, og getur því mótframlagið bæði hækkað eða lækkað eftir afkomu sjóðsins. Í V-deild hins vegar er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk sem getið er um í samþykktum hans.

## Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings árið áður.

3. Iðgjöld eru tekjufærð þegar skilagreinar berast sjóðnum.

4. Tekjur af eignarhlutum samanstanda af arði af hlutabréfum, breytingu á gengi hlutabréfa sem færð eru á markaðsverði, þ.m.t. gjaldmiðlabreytingu, og hagnað eða tap af sölu skráðra hlutabréfa.

5. Vaxtatekjur og gengismunur eru vaxtatekjur og verðbætur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum og bundnum bankainnistæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og velitinnlánum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af gengistryggðum skuldabréfum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

6. Fjárfestingum er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán og bankainnistæður. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok, hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu að teknu tilliti til niðurfærslu.

7. Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

8. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

## Lífeyrir

9. Lífeyrir greinist þannig:

| | Sameignar-deild | Séreignar-deild | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 200.151.565 | 26.632.713 | 226.784.278 | 156.077.530 |
| Örorkulífeyrir | 134.088.324 | 0 | 134.088.324 | 108.536.029 |
| Makalífeyrir | 17.415.328 | 0 | 17.415.328 | 11.392.718 |
| Barnalífeyrir | 22.052.340 | 0 | 22.052.340 | 18.490.897 |
| | 373.707.557 | 26.632.713 | 400.340.270 | 294.497.174 |
| Fjöldi lífeyrisþega (meðaltal) | 966 | 144 | 1.110 | 906 |

## Fjárfestingartekjur

10. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

| | Sameignar-deild | Séreignar-deild | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|---|---|---|---|---|
| Af verðbréfum með breytilegum tekjum | 170.463.673 | 10.648.847 | 181.112.520 | 73.642.859 |
| Af verðbréfum með föstum tekjum | 3.190.168.704 | 33.102.938 | 3.223.271.642 | 1.017.260.166 |
| Af veðlánum | 1.062.568.190 | 0 | 1.062.568.190 | 451.017.029 |
| Af bankainnistæðum | 117.884.565 | 17.933.991 | 135.818.556 | 25.290.162 |
| Af gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningum | (803.193.113) | (44.594.464) | (847.787.577) | 153.085.187 |
| Af öðrum liðum | 4.291.092 | 2.618.210 | 6.909.302 | 27.389.944 |
| Niðurfærsla verðbréfa með fastar tekjur | (2.011.428.035) | 0 | (2.011.428.035) | 0 |
| | 1.730.755.076 | 19.709.522 | 1.750.464.598 | 1.747.685.347 |

## Fjárfestingar

11. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | Sameignar-deild | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2008 | Samtals 31.12.2007 |
|---|---|---|---|---|
| Innlend hlutabréf | 85.452.673 | 0 | 85.452.673 | 921.875.088 |
| Erlend hlutabréf | 2.975.717 | 18.550 | 2.994.267 | 23.930.731 |
| Innlendir skuldabréfasjóðir | 2.300.010.010 | 383.508.215 | 2.683.518.225 | 1.493.969.344 |
| Innlendir hlutabréfasjóðir | 512.188.791 | 7.762.096 | 519.950.887 | 1.586.811.453 |
| Önnur innlend hlutdeildarskírteini | 231.032.758 | 0 | 231.032.758 | 1.093.377.968 |
| Erlend hlutdeildarskírteini | 7.737.714.530 | 220.356.956 | 7.958.071.486 | 7.809.372.265 |
| Gjaldmiðlasamningar | (380.795.279) | (17.565.951) | (398.361.230) | (29.562.093) |
| Vaxtaskiptasamningar | (118.426.899) | 0 | (118.426.899) | 0 |
| | 10.370.152.301 | 594.079.866 | 10.964.232.167 | 12.899.774.756 |

Eignarhlutdeild í einstökum félögum er undir 2% og bókfært virði undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

12. Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhrifum vaxta- og gengisbreytinga. Bókfærð staða og undirliggjandi fjárhæðir greinast þannig:

| | Eign | Skuld | Samtals 31.12.2008 | Samtals 31.12.2007 |
|---|---|---|---|---|
| Gjaldmiðlasamningar | 423.405.743 | (821.766.973) | (398.361.230) | (29.562.093) |
| Vaxtaskiptasamningar | 187.236.144 | (305.663.043) | (118.426.899) | 0 |
| | 610.641.887 | (1.127.430.016) | (516.788.129) | (29.562.093) |

Vegna falls íslensku bankanna í október 2008 hafa samningar sem voru á gjalddaga eftir það ekki verið gerðir upp. Óvíst er hvenær og með hvaða hætti það verður gert. Sjóðurinn á kröfur á bankana vegna keyptra skuldabréfa og mun óska eftir skuldajöfnun. Bókfærð staða og skuldajöfnunarkrafa greinast þannig:

| | 31.12.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Gjaldmiðlasamningar | (398.361.230) | (29.562.093) |
| Vaxtaskiptasamningar | (118.426.899) | 0 |
| Skuldajöfnunarkrafa | 223.044.883 | 0 |
| | (293.743.246) | (29.562.093) |

Samkvæmt tilmælum frá Landsamtökum lífeyrissjóða er virði gjaldmiðlasamninganna miðað við gengisvísitöluna 175. Virði miðað við árslokayfirlit bankanna annars vegar og gengisvísitöluna 175 hins vegar greinast þannig:

| | 31.12.2008 |
|---|---|
| Virði miðað við gengisvísitöluna 175 | (516.788.129) |
| Virði miðað við árslokayfirlit bankanna | (788.982.767) |
| | (272.194.638) |

13. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Sameignar-deild | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2008 | Samtals 31.12.2007 |
|---|---|---|---|---|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 7.942.146.648 | 153.139.712 | 8.095.286.360 | 4.807.731.382 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 1.751.073.628 | 0 | 1.751.073.628 | 202.467.024 |
| Skuldabréf lánastofnana | 1.069.798.527 | 16.117.201 | 1.085.915.728 | 1.452.798.884 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 2.154.131.863 | 12.833.759 | 2.166.965.622 | 2.929.255.804 |
| | 12.917.150.666 | 182.090.672 | 13.099.241.338 | 9.392.253.094 |
| Áætlað markaðsverð | 12.398.928.988 | 182.090.672 | 12.581.019.660 | 8.869.074.076 |

Við fall bankanna varð markaður með innlend skuldabréf nánast óvirkur hvað varðar önnur bréf en ríkisskuldabréf. Útgefendur skráðra skuldabréfaflokka hafa margir hverjir verið teknir til gjaldþrotaskipta, óskað eftir greiðslustöðvun eða óskað eftir frestun á greiðslu afborgana og vaxta. Vegna þessa hafa skuldabréf í eigu sjóðsins útgefin af lánastofnunum og fyrirtækjum verið færð niður um 2.011 m.kr. eða sem nemur 38% af bókfærðu verði þeirra. Takmarkaðar upplýsingar eru í sumum tilvikum um þessar eignir og veruleg óvissan um mat á verðmæti þeirra.

14. Veðlán greinast þannig:

| | Sameignar-deild | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2008 | Samtals 31.12.2007 |
|---|---|---|---|---|
| Veðlán til sjóðfélaga | 5.205.330.289 | 0 | 5.205.330.289 | 4.010.063.688 |
| Veðlán til annarra | 807.342.212 | 0 | 807.342.212 | 619.301.356 |
| | 6.012.672.501 | 0 | 6.012.672.501 | 4.629.365.044 |

Veðlán eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu, þar sem ekki er talin þörf á niðurfærslu þeirra.

15. Verðbréf með föstum tekjum hafa verið færð niður í efnahagsreikningi. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Niðurfærslan greinist þannig:

| | 31.12.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Skuldabréf lánastofnana | 882.684.414 | 0 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 1.128.743.621 | 0 |
| | 2.011.428.035 | 0 |

16. Sjóðurinn á engar fullnustueignir.

## Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

17. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum, án áhrifa gjaldmiðlasamninga:

| | Sameignar-deild | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2008 | Samtals 31.12.2007 |
|---|---|---|---|---|
| Íslenskar krónur (ISK) | 24.158.854.691 | 675.029.053 | 24.833.883.744 | 20.472.321.078 |
| Evrur (EUR) | 4.150.687.286 | 212.823.690 | 4.363.510.976 | 4.123.814.404 |
| Bandaríkjadollarar (USD) | 2.815.996.504 | 2.821.561 | 2.818.818.065 | 2.562.033.406 |
| Aðrir gjaldmiðlar | 547.535.846 | 0 | 547.535.846 | 598.540.640 |
| | 31.673.074.327 | 890.674.304 | 32.563.748.631 | 27.756.709.528 |

## Kröfur

18. Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda. Kröfurnar eru ekki færðar niður í efnahagsreikningi þar sem ekki er talin óvissa um innheimtu þeirra.

19. Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eingir greinast þannig:

| | Tölvu-búnaður | Áhöld og innréttingar | Samtals 2008 | Samtals 2007 |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð | 32.766.059 | 8.738.912 | 41.504.971 | 35.570.971 |
| Afskrifað | (27.494.274) | (8.539.344) | (36.033.618) | (29.480.406) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 5.271.785 | 199.568 | 5.471.353 | 6.090.565 |
| Viðbót | 0 | 581.552 | 581.552 | 5.934.000 |
| Afskrifað | (5.271.785) | (286.801) | (5.558.586) | (6.553.212) |
| Bókfært verð í árslok | 0 | 494.319 | 494.319 | 5.471.353 |
| Afskriftarhlutföll | 20% | 15% | | 15% - 20% |

## Þóknanir

20. Laun stjórnar greinast þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Björg Bjarnadóttir, stjórnarmaður | 0 | 13.844 |
| Elín Björg Jónsdóttir, stjórnarmaður | 727.392 | 674.130 |
| Garðar Hilmarsson, stjórnarmaður | 727.392 | 674.130 |
| Gunnar R. Sigurbjörnsson, varaformaður stjórnar | 727.392 | 674.130 |
| Halldóra Friðjónsdóttir, formaður stjórnar | 789.126 | 674.130 |
| Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóri | 10.614.406 | 10.143.440 |
| Karl Björnsson, stjórnarmaður | 1.029.354 | 1.011.198 |
| Kristbjörg Stephensen, stjórnarmaður | 727.392 | 674.130 |
| | 15.342.454 | 14.539.132 |

21. Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 1.928.251 | 1.309.221 |
| Könnun árshlutareiknings | 571.252 | 0 |
| Innri endurskoðun | 1.203.100 | 1.415.316 |
| | 3.702.603 | 2.724.537 |

## Atburðir eftir lok reikningsskiladags

22. Eftir lok reikningsársins eða í mars 2009 voru Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf., Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. og Sparisjóðabanki Íslands hf. yfirtekin af Fjármálaeftirlitinu. Eignir sjóðsins í hlutabréfum þessara félaga námu um 19 m.kr. Sjóðurinn á einnig skuldabréf útgefin af þessum félögum. Bókfært verð þeirra er um 380 m.kr. eftir að þau hafa verið færð niður um varúðarniðurfærslu að fjárhæð um 124 m.kr. Veruleg óvissa ríkir um innheimtu þessara skuldabréfa.

## Tryggingafræðileg athugun

23. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok greinist þannig (í milljónum króna):

| *A deild:* | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2008 | Samtals 31.12.2007 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 29.192 | 0 | 29.192 | 24.909 |
| Endurmat verðbréfa | 2.524 | 0 | 2.524 | 1.982 |
| Núvirði fjárfestingarkostnaðar | (344) | 0 | (344) | (258) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 53.539 | 53.539 | 44.966 |
| *Eignir samtals* | 31.371 | 53.539 | 84.911 | 71.599 |
| Ellilífeyrir | 27.237 | 52.448 | 79.684 | 65.186 |
| Örorkulífeyrir | 3.080 | 5.669 | 8.749 | 7.056 |
| Makalífeyrir | 1.267 | 2.118 | 3.385 | 2.758 |
| Barnalífeyrir | 187 | 701 | 889 | 715 |
| Rekstrarkostnaður | 309 | 1.114 | 1.423 | 1.196 |
| *Skuldbindingar samtals* | 32.080 | 62.050 | 94.130 | 76.911 |
| Eignir umfram skuldbindingar | (709) | (8.510) | (9.219) | (5.312) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | (2,2%) | (13,7%) | (9,8%) | (6,9%) |

| *V deild:* | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2008 | Samtals 31.12.2007 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 3.471 | 0 | 3.471 | 2.665 |
| Endurmat verðbréfa | 298 | 0 | 298 | 212 |
| Núvirði fjárfestingarkostnaðar | (34) | 0 | (34) | (23) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 12.582 | 12.582 | 10.482 |
| *Eignir samtals* | 3.736 | 12.582 | 16.318 | 13.336 |
| Ellilífeyrir | 3.251 | 10.915 | 14.166 | 11.224 |
| Örorkulífeyrir | 454 | 1.634 | 2.087 | 1.649 |
| Makalífeyrir | 87 | 293 | 380 | 306 |
| Barnalífeyrir | 8 | 152 | 160 | 107 |
| Rekstrarkostnaður | 18 | 122 | 140 | 107 |
| *Skuldbindingar samtals* | 3.818 | 13.115 | 16.933 | 13.392 |
| Eignir umfram skuldbindingar | (82) | (533) | (615) | (56) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | (2,1%) | (4,1%) | (3,6%) | (0,4%) |

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 2,4% | 6,8% | 15,1% | 11,5% | 9,3% |
| Hrein raunávöxtun | (12,0%) | 0,9% | 7,6% | 7,0% | 5,2% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 1,7% | 6,2% | 6,9% | 3,1% | (0,3%) |

## Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 27,7% | 40,1% | 43,7% | 46,9% | 44,1% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 6,0% | 6,4% | 1,3% | 0,5% | 0,7% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 38,5% | 32,1% | 28,8% | 27,5% | 30,1% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 1,8% | 1,7% | 6,6% | 4,7% | 4,0% |
| Veðlán | 18,5% | 16,7% | 15,2% | 15,0% | 14,0% |
| Annað | 7,6% | 3,0% | 4,4% | 5,4% | 7,1% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignir í íslenskum krónum | 76,3% | 73,8% | 74,5% | 79,3% | 81,3% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 23,7% | 26,2% | 25,5% | 20,7% | 18,7% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Fjöldi

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu | 21.186 | 20.717 | 20.286 | 18.268 | 17.919 |
| Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra) | 12.458 | 11.745 | 10.826 | 10.006 | 9.274 |
| Fjöldi lífeyrisþega (meðatal) | 1.116 | 906 | 719 | 478 | 330 |

## Hlutfallsleg skipting lífeyris

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 56,6% | 53,0% | 51,8% | 57,9% | 51,1% |
| Örorkulífeyrir | 33,5% | 36,9% | 37,4% | 31,6% | 36,8% |
| Makalífeyrir | 4,4% | 3,9% | 4,0% | 3,8% | 3,5% |
| Barnalífeyrir | 5,5% | 6,2% | 6,8% | 6,7% | 8,6% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Rekstur

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,3% | 0,4% |

# Kennitölur A deildar

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 2,5% | 6,9% | 15,0% | 11,3% | 9,2% |
| Hrein raunávöxtun | (11,9%) | 1,0% | 7,5% | 6,9% | 5,1% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 1,7% | 6,1% | 6,8% | 3,0% | (0,3%) |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 26,6% | 38,9% | 42,5% | 45,9% | 43,1% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 6,1% | 6,6% | 1,3% | 0,5% | 0,7% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 39,0% | 32,7% | 29,3% | 28,0% | 30,6% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 1,8% | 1,7% | 6,8% | 4,8% | 4,2% |
| Veðlán | 19,0% | 17,2% | 15,7% | 15,5% | 14,4% |
| Annað | 7,5% | 2,9% | 4,4% | 5,4% | 7,1% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 71,9% | 73,8% | 74,6% | 79,5% | 81,6% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 28,1% | 26,2% | 25,4% | 20,5% | 18,4% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu | 13.989 | 13.501 | 13.252 | 13.009 | 12.430 |
| Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra) | 9.150 | 8.407 | 8.061 | 7.891 | 7.469 |
| Fjöldi lífeyrisþega (meðatal) | 966 | 794 | 646 | 426 | 284 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 54,0% | 50,1% | 49,1% | 56,0% | 49,1% |
| Örorkulífeyrir | 35,4% | 39,0% | 39,5% | 32,9% | 38,3% |
| Makalífeyrir | 4,8% | 4,3% | 4,3% | 4,1% | 3,9% |
| Barnalífeyrir | 5,8% | 6,6% | 7,1% | 7,0% | 8,7% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt** | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | (9,8%) | (6,9%) | (7,6%) | (7,0%) | (7,9%) |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | (2,2%) | 15,1% | 15,1% | 15,1% | 14,0% |
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,3% | 0,4% |

# Kennitölur V deildar

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 2,5% | 6,9% | 15,9% | 11,7% | 8,9% |
| Hrein raunávöxtun | (11,9%) | 1,0% | 8,4% | 7,3% | 4,8% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 1,9% | 6,5% | 7,3% | 3,1% | (0,1%) |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 26,6% | 38,9% | 42,5% | 45,8% | 43,1% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 6,1% | 6,6% | 1,3% | 0,5% | 0,7% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 39,0% | 32,7% | 29,3% | 28,0% | 30,6% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 1,8% | 1,7% | 6,8% | 4,8% | 4,2% |
| Veðlán | 19,0% | 17,2% | 15,7% | 15,5% | 14,4% |
| Annað | 7,5% | 2,9% | 4,4% | 5,4% | 7,0% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 71,9% | 73,8% | 74,6% | 79,5% | 81,6% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 28,1% | 26,2% | 25,4% | 20,5% | 18,4% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu | 5.802 | 6.407 | 6.370 | 4.808 | 4.652 |
| Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra) | 2.781 | 2.543 | 2.215 | 1.658 | 1.413 |
| Fjöldi lífeyrisþega (meðatal) | 144 | 107 | 73 | 48 | 34 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 41,3% | 25,1% | 24,4% | 24,2% | 39,7% |
| Örorkulífeyrir | 49,0% | 62,2% | 59,6% | 62,0% | 41,7% |
| Makalífeyrir | 2,1% | 1,5% | 0,6% | 0,1% | 0,0% |
| Barnalífeyrir | 7,6% | 11,2% | 15,4% | 13,7% | 18,6% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt** | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | (3,6%) | (0,4%) | (0,9%) | 1,3% | 1,9% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | (2,1%) | 13,1% | 11,3% | 9,3% | 7,7% |
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,3% | 0,4% |

# Kennitölur S deildar

## Leið 1

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | (0,8%) | 2,6% | 13,7% | 17,1% | 15,5% |
| Hrein raunávöxtun | (14,8%) | (3,0%) | 7,5% | 12,4% | 11,2% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 2,7% | 8,3% | 7,3% | 6,4% | 2,0% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 74,3% | 83,3% | 80,4% | 83,1% | 80,0% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 0,5% | 0,3% | 2,0% | 1,3% | 1,1% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 25,2% | 16,4% | 17,6% | 15,6% | 18,9% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Annað | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi sjóðfélaga | 1.114 | 717 | 501 | 428 | 764 |
| Fjöldi greiðandi sjóðfélaga | 392 | 703 | 411 | 343 | 319 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 6 | 5 | - | - | - |

## Leið 2

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 13,0% | 4,2% | 8,6% | 8,3% | 14,0% |
| Hrein raunávöxtun | (2,9%) | (1,5%) | 3,2% | 4,0% | 9,7% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 2,5% | 5,1% | 7,1% | 8,1% | 9,5% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 85,1% | 90,0% | 99,3% | 99,2% | 99,1% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 0,3% | 0,3% | 0,7% | 0,8% | 0,9% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 14,6% | 9,7% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Annað | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi sjóðfélaga | 163 | 47 | 103 | 92 | - |
| Fjöldi greiðandi sjóðfélaga | 90 | 47 | 89 | 69 | 36 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 1 | - | - | - | - |

## Leið 3

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 23,7% | 13,0% | 7,5% | 8,9% | 10,3% |
| Hrein raunávöxtun | 6,3% | 6,7% | 2,2% | 4,6% | 6,1% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 5,2% | 5,3% | 5,1% | 5,8% | 6,3% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Annað | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi sjóðfélaga | 118 | 45 | 60 | 59 | - |
| Fjöldi greiðandi sjóðfélaga | 45 | 45 | 50 | 45 | 37 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 2 | - | - | - | - |